

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytins á verðlagsgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, vill ráðuneytið hér með staðfesta verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. október til 31. desember 1972:

Porskur:

| | U.S. cent á lb. cif. |
|--------------------------|----------------------|
| 4 × 14 m.r. interl. | 40.00 |
| 8 × 7 r.l. | 37.30 |
| 10 × 5 og 3 × 18 | 60.00 |
| 5 × 10 | 62.70 |
| 4 × 15 | 64.50 |
| 12 × 1 | 62.70 |
| Blokk | 47.00 |
| Blokk 24½ | 48.00 |

Ýsa:

| | |
|--------------------------|-------|
| 4 × 14 m.r. interl. | 54.60 |
| 10 × 5 og 3 × 18 | 70.80 |
| 12 × 1 | 73.50 |
| Blokk | 58.00 |
| Blokk 24½ | 59.00 |

Steinbítur:

| | |
|-------------|-------|
| 10 × 5 | 67.00 |
| 12 × 1 | 69.70 |
| Blokk | 51.00 |

Karfi:

| | |
|-----------------------------|-------|
| 8 × 7 m.r. | 31.75 |
| 10 × 5 m.r. | 44.70 |
| 10 × 5 r.l. | 45.60 |
| 12 × 1 | 50.10 |
| Lausfrystur m.r. og b. | 47.00 |
| Blokk | 45.00 |

Ufsi:

| | |
|-----------------|-------|
| 8 × 7 r.l. | 26.47 |
| 4 × 6 kg | 26.76 |
| 10 × 5 | 37.00 |
| Blokk | 29.00 |

Langa:

| | |
|-----------------|-------|
| 8 × 7 r.l. | 28.92 |
| 10 × 5 | 58.00 |
| Blokk | 44.00 |

Grálúða:

| | U.S. cent á lb. cif. |
|--------------------------|----------------------|
| Heilfryst | 30.55 |
| Blokk | 36.29 |
| Heilfrystur fiskur | 13.72 |

Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegssráðuneytið, 27. október 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

31. október 1972.

Nr. 294.

REGLUGERÐ

um leyfi í skólum.

1. gr.

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

- I. 1. desember.
- II. Jólaleyfi:
 1. Í barnaskólum frá og með 19. desember til og með 6. janúar.
 2. Í framhalds- og sérskólum frá og með 21. desember til og með 3. janúar.
- III. Öskudagur.
- IV. Páskaleyfi:
 1. Í barnaskólum frá og með mánudegi eftir pálmasunnudag til og með þriðja í páskum.
 2. Í framhalds- og sérskólum frá og með miðvikudegi fyrir skírdag til og með þriðja í páskum.
- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Heimilt er í skólum, þar sem kennt er 6 daga vikunnar, að veita eins dags leyfi í mánuði, ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
- XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.